
Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Könnun meðal skólameistara og rektora á
innleiðingu og framkvæmd laga um
framhaldsskóla

UNNIÐ FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FEBRÚAR 2010

Hrefna Guðmundsdóttir

EFNISYFIRLIT

Framkvæmd og heimtur	5
Niðurstöður	7
Viðauki - spurningalisti	23

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Í skýrslu þessari greinir frá niðurstöðum könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Könnunin fór fram á tímabilinu 16. nóvember til 17. desember 2009. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig framhaldsskólum gengi að innleiða nýju lögin. Lögð var rík áhersla á að fá svör frá öllum framhaldsskólum. Rétt er að vekja athygli á að skv. bráðabirgðaákvæði framhaldsskólalaga hafa skólar frest til 1. ágúst 2011 til að uppfylla IV. og V. kafla laganna og var því ekki spurt um ákvæði þeirra kafla að undanskildum spurningum um skólanámskrá.

Könnunin fór fram á Netinu og var spurningalisti sendur á netföng skólameistara og rektora 31 framhaldsskóla mánudaginn 16. nóvember 2010. Eftir tvær ítrekanir sem sendar voru á netföng þátttakenda 24. nóvember og 1. desember höfðu svör borist frá öllum forsvarsmönnum framhaldsskólanna nema fimm. Í þeim tilvikum komu í ljós tæknilegir örðugleikar við móttöku listans. Að lokum bárust svör frá öllum þátttakendum og var svörun því 100%.

Eftirfarandi framhaldsskólar svöruðu könnuninni:

Borgarholtsskóli	Kvennaskólinn í Reykjavík
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Menntaskóli Borgarfjarðar
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Menntaskólinn að Laugarvatni
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Menntaskólinn á Akureyri
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Menntaskólinn á Egilsstöðum
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Menntaskólinn á Ísafirði
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Menntaskólinn Hraðbraut
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Menntaskólinn í Kópavogi
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Menntaskólinn í Reykjavík
Flensborgarskólinn	Menntaskólinn við Hamrahlíð
Framhaldsskólinn á Húsavík	Menntaskólinn við Sund
Framhaldsskólinn á Laugum	Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Verkmenntaskóli Austurlands
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Verkmenntaskólinn á Akureyri
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Verzlunarskóli Íslands
Iðnskólinn í Hafnarfirði	

NIÐURSTÖÐUR

Í fyrstu spurningu könnunarinnar var spurt hvort áheyrnarfulltrúar kennara sætu í skólanefnd. Allir svarendur könnunarinnar sögðu svo vera (sjá töflu 1).

TAFLA 1. Sitja áheyrnarfulltrúar kennara í skólanefnd, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	31	100%
Nei	0	0%
Alls	31	100%

Skólameistarar og rektorar voru einnig spurðir hvort nemendur ættu áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Nánast allir, eða 29 af 31 svöruðu því játandi (sjá töflu 2). Þá kom fram að í litlu færri, eða í 26 af 31 skólanna áttu foreldrar áheyrnarfulltrúa í skólanefnd (sjá töflu 3).

TAFLA 2. Sitja áheyrnarfulltrúar nemenda í skólanefnd, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	29	93,5%
Nei	2	6,5%
Alls	31	100%

TAFLA 3. Sitja áheyrnarfulltrúar foreldra í skólanefnd, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	26	83,9%
Nei	5	16,1%
Alls	31	100%

Í öllum tilvikum nema einu voru starfandi skólaráð við skólana (sjá töflu 4).

TAFLA 4. Er starfandi skólaráð við skólann, sbr. 7. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	30	96,8%
Nei	1	3,2%
Alls	31	100%

Á bilinu tveir til 11 fulltrúar voru í skólaráðum framhaldsskólanna. Að meðaltali voru sex fulltrúar í skólaráði og kynjahlutfall reyndist jafnt (sjá töflu 5).

TAFLA 5. Fjöldi í skólaráði og kynjahlutfall.

Fjöldi í skólaráði að meðaltali	6
Hlutfall kvenna í skólaráði að meðaltali	50,5%

Í flestum (84%) framhaldsskólanna hafði skólafundur verið haldinn síðan ný lög um framhaldsskóla voru sett 2008 (sjá töflu 6).

TAFLA 6. Hefur skólafundur verið haldinn síðan ný lög um framhaldsskóla voru sett 2008, sbr. 9. gr. laganna?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	26	83,9%
Nei	5	16,1%
Alls	31	100%

Skólameistarar og rektorar þeirra 26 skóla sem sögðu skólafund hafa verið haldinn síðan nýju lögin voru sett voru spurðir hversu oft hann hefði verið haldinn. Í 77% skólanna hafði skólafundur verið haldinn einu sinni til þrisvar síðan ný lög voru sett 2008 (sjá töflu 7). Af svörum frá nokkrum skólum má þó ráða að ekki hafi verið um eiginlega skólafundi að ræða heldur starfsmannafundi.

TAFLA 7. Hve oft hefur skólafundur verið haldinn síðan ný lög um framhaldsskóla voru sett 2008, sbr. 9. gr. laganna?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Einu sinni	8	30,8%
Tvisvar	8	30,8%
Þrisvar	4	15,4%
Fjórum sinnum eða oftar	6	23,1%
Alls	26	100%

Eins og sjá má í töflu 6 hér að framan höfðu skólafundnir ekki verið haldnir í fimm framhaldsskólum eftir að ný lög voru sett 2008. Þátttakendur voru beðnir um skýringu á því hvers vegna það hefði ekki verið gert. Hér að neðan má sjá dæmi um skýringar sem voru gefnar:

Ekki varð úr fundi í fyrra, en hann er nú í undirbúningi.
Skólafundur verður haldinn í mars 2010.
Tílefni hefur ekki gefist. Starfsmannafundir haldnir en nemendur ekki verið með.
Það voru tveir fundir haldnir með starfsfólki sér (kennurum og öðrum starfsmönnum) og aðrir með nemendum sér, þar af annar með ráðherra, starfsfólki og nemendum. Skólafundur hefur ekki verið boðaður vegna fjölda annarra fundahalda.

Að meðaltali voru haldnir níu kennarafundir í framhaldsskólunum á skólaárinu 2008-2009. Fæstir voru þeir fjórir en flestir 21 í einum skólanna. Skólameistari eins skólans gat ekki svarað spurningunni þar sem sá skóli var á fyrsta starfsári og því átti hún ekki við (sjá töflu 8).

TAFLA 8. Hve margir almennir kennarafundir voru haldnir á skólaárinu 2008-2009, sbr. 10. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
4-6 fundir	8	26,7%
7-9 fundir	10	33,3%
10-12 fundir	9	30,0%
14 fundir eða fleiri	3	10,0%
Alls	30	100%

Nemendafélag var starfandi í öllum framhaldsskólunum (sjá töflu 9) og í 26 skólanna voru starfandi foreldraráð (sjá töflu 10).

TAFLA 9. Er nemendafélag starfandi innan skólans, sbr. 39. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	31	100%
Nei	0	0%
Alls	31	100%

TAFLA 10. Starfar foreldraráð við skólann, sbr. 50. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	26	83,9%
Nei	5	16,1%
Alls	31	100%

Eins og sjá má í töflu 10 voru ekki starfandi foreldraráð við fimm skólanna og voru forsvarsmenn þeirra skóla beðnir um að gefa skýringu á því. Hér að neðan má sjá dæmi um skýringar sem gefnar voru á því hvers vegna foreldraráð starfaði ekki við skólann:

Ekki verið áhugi fyrir því hjá foreldrum.
Erfitt að ná til foreldra þeir eru dreifðir um allt land.
Hefur enn ekki verið stofnað. Verður stofnað í janúar 2010.

Foreldraráð var skipað tveimur til átta fulltrúum í þeim skólum þar sem það var til staðar. Að meðaltali voru fimm fulltrúar í foreldraráði og voru konur þar í miklum meirihluta (sjá töflu 11).

TAFLA 11. Fjöldi í foreldraráði og kynjahlutfall.

Fjöldi í foreldraráði að meðaltali	5
Hlutfall kvenna í foreldraráðum að meðaltali	73,2%

Í meirihluta (84%) framhaldsskólanna hafði skólinn gert sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur í tengslum við innritun á einstakar námsbrautir skólans í samræmi við reglugerð (sjá töflu 12).

TAFLA 12. Hefur skólinn gert sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla og reglugerð nr. 1150 / 2008?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	26	83,9%
Nei	5	16,1%
Alls	31	100%

Forsvarsmenn þeirra framhaldsskóla sem gerðu sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur voru spurðir í hverju þær kröfur fælust. Hér að neðan má sjá dæmi um svör við spurningunni:

Almennt þarf að hafa 5 eða hærra skólaeinkunn í kjarnagreinum, til að innritast á brautir skólans. Einkunn þarf að vera 7,5 eða hærra til að fara í hraðferð.
Á bóknáms- og starfsmenntabrautum er lágmarkseinkunn á grunnskólaprófi 5 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði. Allir nemendur í hverfinu og næsta nágrenni fá skólavist á almennri braut hver sem skólaeinkunn þeirra er.
Félagsvísindabr. og hugvísindabr. Lágmarkseink. ísl og ens=6 og stæ=5. Náttúruvísindabr. Lágmarksein. ísl og stæ=6 og enska=5.
Gerðar eru kröfur um sérstakar einkunnir á stúdentsbrautir og einnig á starfsnámsbrautir.
Hliðstæðar lágmarkskröfur og giltu skv. fyrri reglugerð um inntökuskilyrði á bóknámsbrautir, en með skólaeinkunn eina í stað meðaltals skólaeinkunnar og einkunnar á samræmdu prófi.
Nemendur sem koma beint úr grunnskóla þurfa að ná 7,5 í meðaleinkunn úr: Ensku, íslensku og stærðfræði. Eldri nemendur þurfa að koma í ítarlegt viðtal við stjórnendur skólans og eftir það er umsókn þeirra metin.
Félagsfræðibraut: Skólaeinkunn í íslensku (eink 6), ensku (eink. 6), stærðfræði (eink. 5) og tekið mið af einkunn í samfélagsgreinum. Náttúrufræðibraut: Skólapróf í íslensku (eink. 6), ensku (eink. 5), stærðfræði (eink. 6) og tekið mið af einkunn í náttúrufr.greinum.
Það er gert í samræmi við skólanámskrá. Um er að ræða sérstök inntökuskilyrði inn á allar brautir aðrar en almenna námsbraut.

Í könnuninni var spurt hvenær skólanámskrá skólans hefði síðast verið gefin út eða uppfærð. Útgáfuár skólanámskránna ná samkvæmt þessum svörum aftur til ársins 2000 en langflestir sögðu að hún væri uppfærð reglulega og í meirihluta tilvika var það síðast gert seinni hluta árs 2009. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um svör um útgáfu eða uppfærslu skólanámskrár.

Í maí 2003 og einstakir hlutar á netinu eftir þörfum, síðast í ágúst 2009.
Skólanámskrá er rafræn og í stöðugri endurskoðun. Síðasta breyting var gerð í lok okt. 2009.
Síðast uppfærð haust 2009.
Heimasíðan er skólanámskrá hans. Hún er í sífelldri endurskoðun.
2004-2005.
Skólanámskráin er frá 2000 og hlutar hennar endurskoðaðir árlega.
Síðast prentuð 2007 en ávallt uppfærð á vefnum.
Október 2008.
Gefin út í heild 2002 og síðan uppfærð á hverju ári.
Uppfærð í haust og er í endurskoðun, vegna nýrra laga.
Apríl 2009 13. útgáfa.
Ágúst 2008. Er í vinnslu núna gagnvart nýju kerfi.

Í tæplega 40% skólanna var innihald skólanámskrárinnar að öllu leyti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla og í um 60% skólanna var skólanámskráin að einhverju leyti í samræmi við ákvæðið (sjá töflu 13). Rétt er að benda á að samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 kemur ákvæði laganna um skólanámskrá ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 2011.

TAFLA 13. Er innihald skólanámskrárinnar í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, að öllu leyti	12	38,7%
Já, að einhverju leyti	19	61,3%
Alls	31	100%

Forsvarsmenn þeirra 19 skóla sem sögðu innihaldið vera að einhverju leyti í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla voru beðnir um að útskýra nánar í hverju það fælist. Flestir svöruðu því til að verið væri að vinna í skólanámskránni og að laga hana að nýjum lögum en sjá má dæmi um svör hér að neðan:

Ekki lokið endurskipulagningu allra brauta eftir nýjum lögum.
Enn vantar nokkra kafla í skólanámskrá skólans. Þeir eru í vinnslu og stefnt að því að upphafsvinnu ljúki 2010.
Er í vinnslu með innleiðingaferli nýrra laga.
Flest var endurskoðað 2008 í samræmi við ný lög. Þó er margt ófrágengið og í vinnslu hvað varðar IV og V kaflann aðallega.
Hún gerir það að langflestu leyti. Vegna innleiðingar nýrra laga er þó eitthvað sem ekki er búið að endurskoða. Innleiðingarferlið er í gangi.
Innihald skólanámskrárinnar er að mestu leyti í samræmi við ákvæði 22. greinar. Þó vantar eftirtalin atriði: Grein um stjórnskipan. Grein um kennsluhætti. Um þetta er þó fjallað í markmiðskaflanum.
Skólanámskrá verður öll uppfærð samkvæmt nýjum lögum fyrir innleiðingu nýrra laga 2011.
Verið er að vinna að uppfærslu. Almennur hluti aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla hefur ekki verið gefin út og tekur vinnan mið af því.

Í langflestum skólanna eða 27 af 31 stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda (sjá töflu 14).

TAFLA 14. Stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er, sbr. 34. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	27	87,1%
Nei	4	12,9%
Alls	31	100%

Skólastjórnendur sem svöruðu framangreindri spurningu neitandi voru spurðir hvers vegna nemendur með fötlun stunduðu ekki nám við hlið annarra nemenda. Í tveimur skólanna var ástæðan sú að enginn fatlaður nemandi var í skólanum en einnig var tekið fram að aðstöðuleysi

kæmi í veg fyrir að fatlaðir nemendur stunduðu nám sitt við hlið annarra nemenda. Sjá svör framhaldsskólanna fjögurra hér að neðan:

Engir fatlaðir í skólanum. Engin aðstaða til móttöku á þeim. Húsnæðið er óviðunandi!
Enginn fatlaður nemandi er í skólanum.
Starfsemi starfsbrautar hefur ekki hafist enn.
Það gengur ekki húsnæðis vegna.

Um 65% framhaldsskólanna reka sérstaka námsbraut fyrir nemendur með fötlun (sjá töflu 15).

TAFLA 15. Rekur skólinn sérstaka námsbraut fyrir nemendur með fötlun?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	20	64,5%
Nei	11	35,5%
Alls	31	100%

Rúmur helmingur (55%) forsvarsmanna framhaldsskólanna sögðu að gerð væri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið væri að skimun og greiningu leshömlunar (sjá töflu 16).

TAFLA 16. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, sbr. 34. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	17	54,8%
Nei	14	45,2%
Alls	31	100%

Þeir 14 skólastjórnendur sem sögðu að ekki væri gert grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið væri að skimun og greiningu leshömlunar voru beðnir um að útskýra hvernig á því stæði. Nokkrir nefndu sem ástæðu að þessi mál væru í vinnslu en einnig kom fram að nemendur kæmu með slíka greiningu úr grunnskóla og þá væri unnið út frá henni.

Hér að neðan má sjá dæmi um ástæður þess að ekki var gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar:

Námsráðgjafi hefur nýlega hafið starf við skólann og ýmis verkefni óunnin. Höfum þó rætt þetta og munum gera úrbætur.
Nemendur með leshömlun fá skimun og er vísað til sérfræðings í framhaldi. Þessi úrræði verða sett á vef með nýrri námskrá í vor.
Skimun sem slík hefur ekki farið fram með skipulögðum hætti. Við byggjum á ábendingum kennara og greiningum sem nemendur hafa með sér úr grunnskóla.
Skólinn sér ekki um slíkt. Nemendur koma yfirleitt með slíka greiningu með sér úr grunnskóla. Ef ekki þá leiðbeina námsráðgj. nemendum og forráðamönnum um hvert þau geta snúið sér.
Verið er að vinna að nýrri námskrá.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort það kæmi fram í skólanámskrá hvernig staðið væri að eftirfylgni og stuðningi við nemendur með leshömlun. Um 65% svarenda sögðu svo vera (sjá töflu 17). Í 11 skólanna var hins vegar ekki gert grein fyrir slíku í skólanámskrá og voru þeir aðilar spurðir nánar út í ástæður fyrir því.

TAFLA 17. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun, sbr. 34. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	20	64,5%
Nei	11	35,5%
Alls	31	100%

Hér að neðan má sjá dæmi um ástæður sem nefndar voru fyrir því að ekki var gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun:

Tilgreind úrræði varða einungis próf.
Unnið er með hvern einstakling en í vinnslu með innleiðingu.
Verið er að vinna að nýrri námskrá.
Það er enn ófrágengið. Greiningar hafa komið frá aðilum utan skólans og hvert tilvik er meðhöndlað í samráði við námsráðgjafa skólans.

Aðeins fjórir skólastjórnendur sögðu að skólinn hefði sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (sjá töflu 18). Þeir voru beðnir um að gefa upp vefsíðu móttökuáætlunarinnar en aðeins einn þeirra gerði það. Annar sagði áætlunina vera til en ekki á vefnum, þetta væri „vinnuáætlun á einum gátlista skólans“.

TAFLA 18. Hefur skólinn sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, sbr. 35. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	4	12,9%
Nei	27	87,1%
Alls	31	100%

Þeir 27 aðilar sem sögðu móttökuáætlun fyrir þennan nemendahóp ekki vera til voru spurðir um ástæðuna. Aftur nefndu margir að slík áætlun væri í vinnslu eða endurskoðun. Einnig kom fram að það væru ýmis úrræði til staðar fyrir þessa nemendur þótt þau væru ekki sett formlega fram sem móttökuáætlun. Hér að neðan má sjá dæmi um skýringar svarenda:

Ekki er búið að gera móttökuáætlunina en verið er að vinna í því og aðstoð við nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur verið fyrir hendi í fjölda ára.
Ekki er gert ráð fyrir að slíkir nemendur eigi erindi í nám við skólann vegna sérstöðu þess.
Sérstakur umsjónarkennari sér um nemendur með annað móðurmál en íslensku.
En samt er unnið eftir áætlun, hún er þó ekki formleg í skólanámskrá. Þeir nem. skólans sem eru með annað móðurmál en íslensku fá m.a. stuðning og sérstaka meðhöndlun í prófum.
Fáir nemendur, ekki sérkennari við störf á þessum vetri. Í vinnslu með nýrri skólanámskrá.
IV kafli laganna er ófrágenginn í skólanámskrá. Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá úrræði í samráði við námsráðgjafa.
Í skólanum er mjög öflug deild fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Kennslustjóri í hálfu starfi sinnir þessum nemendum og reynt er að sjá til þess að þeir fái nám við hæfi. Vel er tekið á móti þeim.
Við erum með fjölmargt í gangi fyrir þessa nemendur m.a. sér umsjón, sér áfanga t.d. í íslensku og sögu. Við höfum ekki sett upp á einum stað séráætlun.
Við erum með innflytjendabraut og yfir henni er kennari sem tekur á móti öllum nemendum og vinnur með hverjum og einum. Er ekki skráð sem móttökuáætlun, en segja má að brautin sé einmitt það.
Önnur mál hafa haft forgang í nýjum skóla.

Þá kom fram að 77% skólanna bjóða nemendum með annað móðurmál en íslensku eða þeim sem hafa dvalist langdvölum erlendis upp á kennslu í íslensku sem öðru máli (sjá töflu 19).

TAFLA 19. Er nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendum sem dvalist hafa langdvölum erlendis boðið upp á kennslu í íslensku sem öðru máli, sbr. 35. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	24	77,4%
Nei	7	22,6%
Alls	31	100%

Ástæðurnar sem voru nefndar fyrir því hvers vegna kennsla í íslensku sem öðru máli væri ekki í boði fyrir þennan nemendahóp vísuðu aðallega til þess að um svo fámennan hóp væri að ræða að það væri ekki þörf fyrir hana. Sjá ennfremur dæmi um ástæður hér að neðan:

Allir fá kennslu í íslensku en þeim býðst einnig að fá móðurmál sitt metið
Ekki hefur orðið til nægilega stór hópur fyrir það.
Ekki mögulegt vegna smæðar skólans.
Hefur aldrei reynt á það í skólanum.

Meirihluti (84%) skólanna hafði sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega (sjá töflu 20).

TAFLA 20. Hefur skólinn sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega, sbr. 36. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	26	83,9%
Nei	5	16,1%
Alls	31	100%

Þátttakendur voru beðnir um að gefa skýringu á því hvers vegna skólinn hefði ekki sett sér forvarnarstefnu sem væri birt opinberlega. Eftirfarandi eru dæmi um svör þeirra:

Skólinn hefur forvarnarstefnu en hún er ekki birt á heimasíðu skólans. Skólinn er smár og eftirlit með nemendum því einfaldara en í stórum skólum. Kennarar skólans sækja allar skemmtanir nemenda.

Skólinn hefur sett sér forvarnarstefnu sem nemendum og forráðamönnum er kynnt en hún hefur ekki verið birt á heimasíðu skólans.

Verið er að vinna í forvörnum og hefur forvarnarfulltrúi nýlega verið ráðinn. Stefnan er unnin í samráði við hann.

Um 65% svarenda sögðu að skólinn hugaði markvisst að opinberum mannelismarkmiðum við val á fæði fyrir nemendur (sjá töflu 21).

TAFLA 21. Hefur skólinn markvisst hugað að opinberum mannelismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur þannig að þeim standi til boða heilnæmt fæði, sbr. 36. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	20	64,5%
Nei	11	35,5%
Alls	31	100%

Þeir 11 skólastjórnendur sem svöruðu framangreindri spurningu neitandi voru spurðir um ástæðuna. Margir sögðu ástæðuna vera aðstöðuleysi, mötuneyti væri annað hvort of lítið eða ekki til staðar. Hér að neðan má sjá dæmi um skýringar svarenda:

Ekki mötuneytisaðstaða í skólanum enn sem komið er.

Í mötuneytinu er venjulegur matur á boðstólum sem talinn er flokkast undir heilnæmt fæði

Mötuneytið er ekki rekið af skólanum, það er rekið á vegum eiganda skólahússins. Óskum um þetta hefur verið komið á framfæri við rekstraraðila mötuneytisins.

Mötuneytið er lítið, rúmar einungis 25% nemenda. Þar er hins vegar reynt að hafa hollan mat í boði, þó ekki heitar máltíðir.

Reyndar höfum við gert það eftir því sem við verður komið en þröng húsnæðisaðstaða býður upp á afar erfið skilyrði til að mæta þessum markmiðum

Skólanum er ekki mögulegt að reka mötuneyti vegna smæðar en einfalt úrval heilsusamlegar fæðu er til sölu. Mikill fjöldi verslana með heilsusamlega fæðu er hér í næstu húsum.

Svarið er bæði já og nei. Það var á sínum tíma gerður samningur þar sem eingöngu heilsufæði var selt. Enginn business þar. Nú er þetta blandað en nemendur sækja mikið í brauðið.

Rúmur helmingur (58%) framhaldsskólanna hafði gert samkomulag um heilbrigðisþjónustu við heilsugæslustöð í nágrenni skólans (sjá töflu 22).

TAFLA 22. Hefur skólinn gert samkomulag um heilbrigðisþjónustu við heilsugæslustöð í nágrenni skólans, sbr. 36. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	18	58,1%
Nei	13	41,9%
Alls	31	100%

Skólastjórnendurnir voru spurðir hvers vegna skólinn hefði ekki gert samkomulag um heilbrigðisþjónustu við heilsugæslustöð í nágrenni skólans. Sumir töldu það ekki nauðsynlegt, aðrir sögðu þjónustuna fyrir hendi með einum eða öðrum hætti þótt formlegt samkomuleg lægi ekki fyrir og enn aðrir sögðu þetta mál í vinnslu. Sjá dæmi um skýringar skólastjórnenda hér fyrir neðan:

Ekki er um formlegt samkomulag að ræða, en í samtali við heilsugæslulækni í haust kom fram að heilsugæslan lítur á skólann sem hluta af sínu nærumhverfi og telur rétt að sinna því sem kemur upp í skólanum, eins og öðrum sem eru í nágrenni hennar.
Erum þó með skólalækni sem kemur oftast vikulega í skólann.
Hefur ekki unnist tími til þess.
Hefur ekki verið talið nauðsynlegt.
Skólinn hefur marga hjúkrunarfræðinga í starfi. Einn þeirra hefur fasta viðtalstíma fyrir nem.
Skólinn var með samkomulag við heilsugæslustöð í nágrenni skólans og læknir var með viðtalstíma í skólanum. Heilsugæslustöðin hætti þeirri þjónustu á síðasta ári. Þjónustan var skólanunum og nemendum að kostnaðarlausu.
Skv. upplýsingum frá heilbrigðismálaráðuneyti og MRN fjármálaskrifstofu og skóladeild er skólanum ekki reiknað fjármagn til þess og heilsugæslunni ekki heldur. Slík þjónusta var rekin um tíma en hefur verið aflögð.

Mikill meirihluti (87%) skólastjórnenda sagði að nemendum væri veitt náms- og starfsráðgjöf af viðurkenndum sérfræðingum (sjá töflu 23).

TAFLA 23. Er náms- og starfsráðgjöf veitt nemendum af viðurkenndum sérfræðingum, sbr. 37. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	27	87,1%
Nei	4	12,9%
Alls	31	100%

Fjórir skólanna voru ekki með viðurkennda sérfræðinga til að veita nemendum náms- og starfsráðgjöf. Hér að neðan má sjá skýringar á því hvers vegna náms- og starfsráðgjöf er ekki veitt af viðurkenndum sérfræðingum í þessum skólum:

Ekki fengist fólk með sérmenntun á því sviði.
Framhaldsskólakennari, sem er í réttindanámi til námsráðgjafar, er starfandi við skólann og mun ljúka námi í vor 2009.
Námsráðgjafinn er í náms- og starfsráðgjafanámi samhliða starfi sínu

Um 81% framhaldsskólanna gerir grein fyrir markmiðum og stefnu skólans varðandi náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá (sjá töflu 24).

TAFLA 24. Gerir skólinn grein fyrir markmiðum og stefnu skólans varðandi náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá og hvernig hann rækir skyldur sínar á þessu sviði, sbr. 37. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	25	80,6%
Nei	6	19,4%
Alls	31	100%

Þeir skólastjórnendur sem skýra þurftu hvers vegna skólinn gerði ekki grein fyrir markmiðum og stefnu skólans varðandi náms- og starfsráðgjöf sögðu þessi mál vera í vinnslu. Einnig kom fram að það hefði ekki fengist fólk með sérmenntun á þessu sviði, sjá einnig dæmi um skýringar hér að neðan:

Ekki að öllu leyti. Ekki fengist fólk með sérmenntun á því sviði.
Sérstakur kafli um þetta verður í næstu útgáfu skólanámskrárinnar.
Stefna skólans er í mótnun, þar sem starf námsráðgjafa er nýlegt. Verður sett á vefinn innan tíðar.
Þessi verkefni eru í höndum námsráðgjafa skólans.

Í 81% framhaldsskólanna eru opinberlega birtar upplýsingar um innra mat skólans, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (sjá töflu 25).

TAFLA 25. Birtir skólinn opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur, sbr. 41. gr. laga um framhaldsskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	25	80,6%
Nei	6	19,4%
Alls	31	100%

Þeir sex aðilar sem voru beðnir um útskýringu á því hvers vegna skólinn birti ekki opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur gáfu þá skýringu að þessi mál væru til skoðunar hjá skólanum eða í vinnslu. Sjá dæmi um svör hér á eftir:

Gögn þessi eru í vinnslu og munu verða birt á heimasíðu skólans innan tíðar.
Málið ekki komið svo langt. Verið er að vinna að því að finna góða gæðagreina til að nota.
Verið er að vinna að nýrri námskrá.
Þessi mál eru til skoðunar í tengslum við heildarstefnumótun sem er að fara í gang.

Í töflu 26 má sjá að gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir hafði verið birt hjá 19 skólum af 31.

TAFLA 26. Hefur gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 614 / 2009 um gjaldtökuheimildir opinb. framhaldsskóla verið birt?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	19	61,3%
Nei	12	38,7%
Alls	31	100%

Ástæður sem voru gefnar fyrir því hvers vegna það hefði ekki verið gert voru meðal annars að skólinn væri ekki opinber og því ætti þetta ekki við og að gjaldskráin væri í vinnslu eða endurskoðun. Hér að neðan má sjá fleiri dæmi um skýringar sem svarendur gáfu á því hvers vegna gjaldskrá yfir þjónustugjöld hefði ekki verið birt:

Hún hefur ekki tekið gildi enn. Tekur gildi á vorönn 2010.
Hún verður sett á heimasíðu fyrir áramót.
Ný gjaldskrá er í vinnslu.
Skólagjöld voru innheimt í vor og öllum nemendum var sent bréf um þjónustugjöld. Gjaldskrá yfir þjónustugjöld verða birt fyrir næsta vor á heimasíðu skólans.
Skólinn er ekki opinber framhaldsskóli.
Var samþykkt á skólanefndarfundi 13. nóv. sl.

Viðauki - spurningalisti

1. Fyrir hvaða framhaldsskóla svarar þú þessari könnun?

2. Sitja áheyrnarfulltrúar kennara í skólanefnd, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei

3. Sitja áheyrnarfulltrúar nemenda í skólanefnd, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei

4. Sitja áheyrnarfulltrúar foreldra í skólanefnd, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei

5. Er starfandi skólaráð við skólann, sbr. 7. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei

6. Hver er fjöldi kvenna í skólaráði?

Fjöldi kvenna í skólaráði _____

7. Hver er fjöldi karla í skólaráði?

Fjöldi karla í skólaráði _____

8. Hefur skólafundur verið haldinn síðan ný lög um framhaldsskóla voru sett 2008, sbr. 9. gr. laga?

1. Já, hve oft? _____

2. Nei, hvers vegna ekki? _____

9. Hve margir almennir kennarafundir voru haldnir á skólaárinu 2008 til 2009, sbr. 10. gr. laga um framhaldsskóla?

_____ fjöldi almennra kennarafunda á skólaárinu 2008-2009

10. Er nemendafélag starfandi innan skólans, sbr. 39. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei

11. Starfar foreldraráð við skólann, sbr. 50. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

12. Hver er fjöldi kvenna í foreldraráði?

Fjöldi kvenna í foreldraráði _____

13. Hver er fjöldi karla í foreldraráði?

Fjöldi karla í foreldraráði _____

14. Hefur skólinn gert sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir skólans, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla og reglugerð nr. 1150 / 2008?

1. Já, hverjar? _____
2. Nei

15. Hvenær var skólanámskrá skólans síðast gefin út eða uppfærð?

16. Vinsamlegast gefið upp vefslóð skólanámskrárinnar:

17. Er innihald skólanámskrárinnar í samræmi við ákvæði 22. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já, að öllu leyti
2. Já, að einhverju leyti. Vinsamlegast skýrið nánar _____
3. Nei, að engu leyti. Vinsamlegast skýrið nánar. _____

18. Stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er, sbr. 34. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

19. Rekur skólinn sérstaka námsbraut fyrir nemendur með fötlun?

1. Já
2. Nei

20. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, sbr. 34. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

21. Er gerð grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun, sbr. 34. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

22. Hefur skólinn sett sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, sbr. 35. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já, vinsamlegast gefið upp vefslóð móttökuáætlunarinnar _____
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

23. Er nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendum sem dvalist hafa langdvölum erlendis boðið upp á kennslu í íslensku sem öðru máli, sbr. 35. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

24. Hefur skólinn sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega, sbr. 36. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já, vinsamlegast gefið upp vefslóð forvarnarstefnunnar _____
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

25. Hefur skólinn markvisst hugað að opinberum mannelismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur þannig að þeim standi til boða heilnæmt fæði, sbr. 36. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

26. Hefur skólinn gert samkomulag um heilbrigðisþjónustu við heilsugæslustöð í nágrenni skólans, sbr. 36. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

27. Er náms- og starfsráðgjöf veitt nemendum af viðurkenndum sérfræðingum, sbr. 37. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

28. Gerir skólinn grein fyrir markmiðum og stefnu skólans varðandi náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá og hvernig hann rækir skyldur sínar á þessu sviði, sbr. 37. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

29. Birtir skólinn opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur, sbr. 41. gr. laga um framhaldsskóla?

1. Já, vinsamlegast gefið upp vefslóð _____
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

30. Hefur gjaldskrá yfir þjónustugjöld sem skólinn innheimtir í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 614 / 2009 um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla verið birt?

1. Já
2. Nei, hvers vegna ekki? _____

Bestu þakkir fyrir þátttökuna